



Umsögn miðstjórnar ASÍ vegna ályktunar ASÍ-UNG um atkvæðisrétt formanns í miðstjórn

Tillaga ASÍ-UNG felur í sér að fulltrúi ASÍ-UNG hafi atkvæðisrétt í miðstjórn ASÍ, en í lögum ASÍ er að finna ákvæði um atkvæðisrétt formanns ASÍ-UNG á formannafundum og atkvæðisrétt stjórnar ASÍ-UNG á þingum sambandsins.

Sambærileg tillaga var samþykkt á þingi ASÍ-UNG árið 2016 og var lögð fyrir miðstjórn sem vísaði málinu til Skipulags- og starfsháttarnefndar til umræðu, því hún var of seint fram komin til að hægt væri að undirbúa lagabreytingartillögu fyrir 42. þing ASÍ. Skipulags- og starfsháttarnefnd fjallaði um málið 16. október 2016 þar sem ýmis sjónarmið komu fram, m.a. um fjölgun í miðstjórn og að aðrir sætu ekki í miðstjórn í krafti embætta sinna heldur væru þeir persónukjörnir. Tillaga um að taka upp seturétt í miðstjórn í krafti embætta var felld árið 2005 með þeim rökum að allir miðstjórnarmenn þyrftu a.m.k. meirihluta atkvæða og væru allir fulltrúar allra félagsmanna en ekki bara viðkomandi sambanda og félaga. Ljóst var að fulltrúar í Skipulags- og starfsháttarnefnd voru málinu ekki fylgjandi. Á fundinum var samþykkt að málið yrði rætt milli þinga. Á fundi nefndarinnar í janúar 2018 var málið tekið upp aftur og var niðurstaðan að bíða niðurstöðu þings ASÍ-UNG, en að afstaða nefndarmanna væri óbreytt og því tæki hún málið ekki upp aftur nema eftir því yrði leitað.

Nú liggur fyrir að þing ASÍ-UNG samþykkti á nýafstöðnu þingi sínu ályktun um að fulltrúi ASÍ-UNG hefði fulla aðild að miðstjórn án þess að gera um það beina lagabreytingu, enda er það strangt til tekið ekki endilega nauðsynlegt til að ná fram markmiði tillögunnar.

Skilja verður tillögu ASÍ-UNG á þann hátt að þingið vill fá umræðu á þingi ASÍ um málið, m.a. í ljósi afdrifa fyrri tillögu þeirra. Það er því eðlilegt að eftir fyrri umræðu verði tillögunni vísað til laga- og skipulagsnefndar á þinginu um almennt viðhorf þingfulltrúa til þessarar tillögu. Verði það niðurstaða nefndarinnar og þingsins að fylgja málinu eftir verði því vísað til miðstjórnar til frekari umfjöllunar og útfærslu að undangenginni umræðu í Skipulags- og starfsháttarnefndar.